

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Galtalækur 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin varðar Galtalæk 2 og felst í því að 3,3 ha svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.